

Rannsóknarboranir í Meitlum, Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 13. febrúar 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orku náttúrunnar um borun rannsóknarhola í Meitlum í Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Rannsóknarboranir í Meitlum, Ölfusi. Matsskyldufyrirspurn. ON – VSÓ Ráðgjöf. Febrúar 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 2. mars 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 21. mars 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 20. mars 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. mars 2023
- Orkustofnun dags. 21. mars 2023
- Umhverfisstofnun dags. 24. mars 2023

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 4. apríl 2023.


3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhugað rannsóknarsvæði, er á flatlendi við rætur Stóra-Meitils, innan iðnaðarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 og kemur fram í skipulaginu að gert sé ráð fyrir orkuvinnslusvæði fyrir Hellsheiðarvirkjun. Um er að ræða fyrsta áfanga rannsóknarborana sem fyrirhugaðar eru á vegum Orku náttúrunnar (ON) á fimm jarðhitasvæðum á Hengilssvæðinu sem eru skilgreind í nýtingarflokki rammaáætlunar en markmið rannsóknanna er að kanna hvort vinnanlegur jarðhiti sé til staðar á þessum svæðum þar sem jarðvísindagögn benda til þess að jarðhita gæti verið að finna. Í matsskyldufyrirspurn þessari er áfangi 1 eingöngu til umfjöllunar (sjá mynd 1). Þegar niðurstöður rannsóknarborana liggja fyrir fæst skýrari mynd af nýtingarmöguleikum fyrirhugaðs svæðis við Stóra-Meiti; hvort sem það verður tenging við Hellsheiðarvirkjun eða reist varmastöð/virkjun á svæðinu en mögulegar framkvæmdir sem lúta að framtíðarnýtingu svæðisins verða tilkynntar sérstaklega í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu tveggja borplana og borun tveggja rannsóknarhola, lagningu skolvatnslagna að borplönunum, afkastamælingu borholu, förgun affallsvökva, lagningu aðkomuvega að borplönunum og frágangi. Rannsóknarholunnar sem um ræðir henta almennt ekki



sem vinnsluholur en ef í ljós kemur að svæðið henti til jarðhitavinnslu geta rannsóknarholur nýst sem eftirlitsholur til að fylgjast með hita og þrýstingi í jarðhitageyminum. Ef svæðið hentar ekki til vinnslu er hugsanlegt að holurnar nýtist til niðurdælingar.



Mynd 1. Myndin sýnir gróflega áætlaðar staðsetningar fyrirhugaðra rannsóknarsvæða í Meitlum, Hverahlíð II, Þverárdal og Litla-Skarðsmýrarfjalli. Meitlar, Hverahlíð II og Þverárdalur eru skilgreind í nýtingarflokki rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu (Úr greinargerð ON).

Borplön


Gert er ráð fyrir að skábora holur niður á 1.000-1.300 m dýpi á tveimur borplönum (HR-01 og HR-02, mynd 2) og verða holurnar fóðraðar niður á 800 m dýpi. Um verður að ræða svokallaðar grannar rannsóknarholur sem gera það mögulegt að staðfesta tilgátur um tilvist jarðhitaauðlindar með minni tilkostnaði og minna raski á yfirborði en hefðbundnar vinnsluholur sem hingað til hafa verið boraðar þótt um rannsóknarholur væri að ræða. Stærð borplans fyrir verður um 1.300 m² en hefðbundið borplan er á bilinu 3.600 – 4.200 m².

Borun og prófanir og förgun affallsvökva

Vatn er notað við borun til kælingar og skolunar á borsvarfi upp úr rannsóknarholunum og er áætluð vatnspörf 35-40 l/s á meðan á borun stendur. Lögð verður borvatnslögn á yfirborði að borplani annað hvort frá kaldavatnholu við gatnamót Þrengslavegar og aflagðs Suðurlandsvegur eða holu á Hellisheiði/Hverahlíð. Við borun er vatni dælt niður sem síðan skilar sér aftur upp á yfirborð með svarfinu sem myndast við borunina. Skolvatnið (með svarfi) er leitt í pytt, þar sem svarfið sest til og vatnið sígur niður í hraunið. Frárennsli frá borholu er sigtað til að skilja frá grófasta borsvarfið sem fellur á borplani við hlið dælukars og er jafnað úr því á borplani eftir borun. Vatnið er síðan leitt í svarfþró þar sem megnið af fingerðara borsvarfi botnfellur en vatn sem rennur frá svarfþrónni verður beint í sprungu eða svelgholu í nágrenni borplans þar sem það hripar fljótt niður og verður eftirlit haft með frárennsli á framkvæmdatíma.



Ekki er ljóst hvort að holur verða látnar blása við afkastapröfun en það fer eftir því hvort rannsóknarholurnar hitta á lekar vatnsæðar. Ef til þess kæmi er holunum fyrst lokað eftir borun og látnar hitna í um 3 mánuði og síðan látnar blása í gegnum hljóðdeyfi í um tvær til fjórar vikur.



Mynd 2. Staðsetning borplana og aðkomuvega (Úr greinargerð ON).

Aðkomuvegir - Efnispörf

Aðkomuvegir að borplönum verða frá borplani HE-57 og aðkomuvegi að því sem tengist svo Suðurlandsvegi um Hellisheiði (Mynd 2). Vegslóði að borplani HR-01 verður um 600 m langur og vegslóði að borplani HR-02 um 1.800 m langur og verða þeir um 4-6 m breiðir með vegöxlum. Allt fylliefni í vegi og borstæði verður flutt á staðinn en ekki rutt upp og er áætlað að efnispörf verði 8.100 – 9.200 m³ og að efni verði sótt í opnar námur sem eru með starfsleyfi og hafa undirgengist mat á umhverfisáhrifum.

Heildarframkvæmdartími er áætlaður um 45 vikur. Áætlað er að gerð aðkomuvega og borplana taki allt að 16 vikum, borun 13 vikur, upphitun eftir borun tekur 12 vikur og ef unnt verður að láta holurnar blása þá muni blásturspróf taka um 4 vikur samtals. Á þessu stigi er þó óvíst hvort framkvæmdir verði samfelldar og gæti komið hlé á milli verkþátta sem lengja heildarframkvæmdatímann.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Orku náttúrunnar (ON) og umsögnum umsagnaraðila.

Jarðmyndanir, verndarsvæði, landslag og útivist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að engin friðlýst svæði, þ.e. svæði á A-hluta náttúruvinnjaskrár, séu í námunda við fyrirhugað framkvæmdasvæði en svæðið sé nálægt svæði á C-hluta náttúruvinnjaskrár án þess að raska því. Þá liggur hverfisverndarsvæði vegna útivistar að iðnaðarsvæðinu en svæðið mun ekki verða fyrir beinu raski og útivistarstígar liggja um framkvæmdasvæðið um Lágaskarð. Breyting á landslagi og ásýnd svæðisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda kann að hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara um það, einkum þeirra sem sækjast eftir lítt snortnu umhverfi. Framkvæmdasvæðið er staðsett á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar



samkvæmt lögum um náttúruvernd og skal forðast að raska hrauni nema brýna nauðsyn beri til en fyrirhugaðar framkvæmdir munu óhjákvæmilega raska hrauninu staðbundið á um 1,4 ha svæði og eru áhrifin að mestu óafturkræf.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að þrátt fyrir flokkun Meitla í orkunýtingarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar sé móbergssvæðið við Meitla, Eldborgin og Eldborgarhraun með mjög hátt verndargildi vegna jarðminja. Þar er mikill jarðbreytileiki er varðar eldvirkni á ísöld og nútíma, ásamt höggum sem tengist rekbelti landsins. Svæðið sem heild er því mikilvægt vegna vísinda- og fræðslugildis og jarðminjar þess hafa alþjóðlegt mikilvægi vegna fágætis. Þá er svæðið mikilvægt útivistarsvæði í nálægð þéttbýlis. Því telji stofnunin mikilvæga hagsmuni felast í verndun svæðisins ekki síður en orkunýtingu þess ekki síst vegna óvissu um hversu miklir möguleikar eru í raun og veru fyrir jarðhitanytingu á svæðinu og í hvað langan tíma. Óvissa um endanlega nýtingu minnkar hins vegar ekki umfang og áhrif þess rasks sem fylgir rannsóknarborunum sem mun hafa varanleg áhrif á svæðið og spilla ásýnd þess með tilheyrandi skerðingu á verndar-, fræðslu- og útivistargildi. Framkvæmdin mun raska jarðminjum sem falla undir ákvæði laga um náttúruvernd sem forðast skal að raska nema brýna nauðsyn beri til. Hvort sú nauðsyn sé fyrir hendi verður að rökstyðja vel. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að áformuð framkvæmd um rannsóknarholur eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum en í því ferli mun gefast nauðsynlegt tækifæri til að meta á fullnægjandi hátt, í ljósi nýrrar þekkingar og viðmiða um verndargildi jarðminja og landslags við Meitla, hver áhrif framkvæmdarinnar á svæðið verða og hvort forsendur fyrir nýtingarþörf réttlæti neikvæð umhverfisáhrif sem framkvæmdinni mun fylgja.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að hér sé verið að ráðast í varanlegar framkvæmdir hvað plön, vegi og borholur varðar þar sem rannsóknarholurnar muni verða nýttar á einhvern hátt, hvort sem það er til niðurdælingar eða vöktunar. Þegar um slíkar framkvæmdir er að ræða að farið er á ný svæði í nútímahrauni og gerð varanleg mannvirki hefur Umhverfisstofnun talið sjálfgefið að metin séu umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar. Að mati Umhverfisstofnunar er aðeins stigsmunur á fyrirhugaðri framkvæmd miðað við „hefðbundnar“ borholur og enginn ef af nýtingu verður síðar. Umhverfisstofnun hefur venjulega talið að gera ætti grein fyrir allri framkvæmdinni strax í upphafi og að gerð verði grein fyrir fyrirhugaðri legu lagna og stöðvarhúss/varmastöð þannig að unnt verði að meta heildaráhrif framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni koma til með að hafa varanleg og neikvæð áhrif á viðkomandi svæði og telur æskilegt að framkvæmdin fari í umhverfismat, þannig að gerð verði grein fyrir framkvæmdinni í heild, umhverfisáhrifum, raunhæfum valkostum og mótvægisáðgerðum.

Í svörum ON kemur fram að erfitt sé að leggja hlutlægt mat á óvissu um nýtingarmöguleika svæðisins svo unnt sé að vigta hana á móti fyrirsjáanlegu raski í upphafi. ON bendir á að það hefur þróast ákveðið vinnulag í jarðhitageiranum til að draga úr áhrifum þessarar óvissu sem felur í sér að nálgast jarðhitaleit í mörgum smáum skrefum og leitast við að lágmarka kostnað og rask í hverju skrefi en hámarka upplýsingagildið sem nýjar rannsóknir hafa. Þegar niðurstöður fyrirhugaðra rannsóknarborana liggja fyrir hefur þekking á kerfinu aukist og þar með óvissan minnkað sem hjálpar til við að taka ákvörðun um næstu skref í frekari jarðhitaleit á svæðinu. Sýni niðurstöður rannsóknarborana að unnt verði að nýta svæðið til vinnslu eða niðurdælingar þá munu frekari framkvæmdir og tilheyrandi áhrif verða kynntar sérstaklega í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sýni rannsóknir hins vegar fram á að svæðið nýtist ekki til vinnslu / niðurdælingar verður gengið frá svæðinu og ummerki mannvirkja máð út eins og kostur er.

Fram kemur að ON skilji þau sjónarmið Umhverfisstofnunar að eðlilegt sé að gera grein fyrir allri framkvæmdinni strax í upphafi, fyrirhugaðri legu lagna og stöðvarhúss/varmastöð. Það er þó að mati fyrirtækisins eðlilegra að kanna matsskyldu rannsóknarboranir grannra hola eingöngu á þessu stigi þar sem tilgangur þeirra er að svara því hvort auðlind sé til staðar en á meðan þær upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki hægt að segja fyrir um hvar heppilegast sé að staðsetja holur til vinnslu, hvar



best sé að reisa mannvirki og hvar bestu lagnaleiðir séu. ON telur að umhverfismat framkvæmda þurfi að byggja á skýrari áformum um ákveðnar framkvæmdir en nú er unnt að leggja fram. Í svörum er vísað til rökstuðnings fyrir brýnni nauðsyn á fyrirhuguðum framkvæmdum sem er annars vegar þörf á meiri jarðhitaforða til að mæta afkastavinnun í núverandi vinnsluholum svo unnt sé að halda Hellisheiðarvirkjun í fullum afköstum og hins vegar til að mæta sívaxandi þörf notenda á höfuðborgarsvæðinu fyrir varma til húshitunar.

Vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands þeki vistgerðin mosahraunavist stærstan hluta rannsóknarsvæðisins sem talin er hafa miðlungs verndargildi. Fuglalíf á áhrifsvæðinu er rýrt en helst er um að ræða heiðlóu, spóa, þúfutittling, steindepil og rjúpu. Helstu áhrif á gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda eru vegna rasks við vegagerð og gerð borplana en einnig geta komið fram skemmdir á gróðri ef hola er látin blása í afkastaprófunum, þá einkum á mosagróðri sem virðist þola hita illa en gert er ráð fyrir að fylgst verði með mögulegum skemmdum á mosa. Fram kemur að ON hafi skilgreint ítarlegt verklag vegna endurheimtar staðargróðurs vegna rasks, s.s. mosa, sem felist í að safna mosanum saman sem annars myndi eyðileggjast vegna borplana og aðkomuvegar, og dreifa honum í sár á yfirborði. Árangur af þessari framkvæmd hefur verið metinn og gefa niðurstöður til kynna að þessi aðferð getur flýtt fyrir landnámi mosagróðurs um áratugi.

Hávaði

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að borplönin séu staðsett innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 en samkvæmt reglugerð um hávaða eru leyfileg mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi 70 dB(A) innan iðnaðarsvæðis. Í næsta nágrenni er hverfisverndað svæði sem er á milli Suðurlandsveggar, Þrengslavegar og Hjallatorfu og er svæðið mikið notað til útivistar og því miðað við 40 dB(A) mörk, sem á við kyrrlát svæði ætluð til útivistar í fyrrnefndri reglugerð, í mati á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á hljóðvist. Fram kemur að við borun mælist jafngildishljóðstig frá bornum 88,1 dB(A) í námunda við borinn, 64,5 dB(A) í rúmlega 100 m fjarlægð og 47,4 dB(A) í 190 m fjarlægð. Ætla má að hljóðstig verði komið undir 40 dB(A) í um 300 m fjarlægð. Fram kemur að ef til þess kæmi að holurnar verði afkastaprófaðar megi reikna með að hávaði frá holu í fullri stærð í blæstri sé á bilinu 70-110 dB(A) við borplan og eitthvað lægri við grannholu, vegna minna flæðis. Því má líta á þær hávaðatölur sem vitnað er til hér að neðan sem hámarksgildi fyrir grannholur. Algengt er að í 200 m fjarlægð frá borholu í afkastamælingu sé hljóðstig komið niður í 60 dB(A) og í 500 m fjarlægð niður í 50 dB(A). Búast má við að mörkum 40 dB(A) hávaða sé náð innan 1.500 m. Hljóðstig frá framkvæmdum við borplan HR-1 er líklegt til að vera lítillaga yfir leyfilegum mörkum á gönguleiðum á borunar- og prófunartíma en áhrif framkvæmda við HR-02 við gönguleiðina um Lágaskarð eru nokkru meiri eða 10 dB(A) yfir leyfilegum mörkum á bortíma og 10-30 dB(A) yfir leyfilegum mörkum á prófunartíma. Hávaði mun hins vegar vara í skamman tíma og hafa áhrif á fáa.

Grunnvatn

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í nágrenni við framkvæmdasvæðið sé fjarsvæði vatnsverndar samkvæmt Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 – 2036. Förgun jarðhitavökva frá rannsóknarholum verður tímabundin aðgerð og því er mengunarhætta lítil. ON er með umfangsmikið eftirlit með grunnvatni á svæðinu og hefur þrýstingssíritum sem mæla grunnvatnsborð verið komið fyrir í 25 borholum á svæðinu. Gögn úr þeim ásamt vinnslugögnum úr Engidal eru notuð í árlega uppfærslu á grunnvatnslíkani. Fylgst er með áhrifum Hellisheiðarvirkjunar á efnasamsetningu og hita grunnvatns í vöktunarholum við og í nágrenni virkjunarinnar en ekki hafa komið fram afgerandi vísbendingar um að neyðarlosun ON á skiljuvatni á yfirfalli við Hellisheiðarvirkjun eða losun affallsvatns við borun og blástursprófanir sé að valda útbreiddri rýrnun á gæðum grunnvatns á svæðinu. Staðbundin, og stundum tímabundin, áhrif eru þó mjög



líklega nærri losunarstöðum. Skilyrði um mengunarvarnir verða sett í útboðsgögn til þess að draga út hættu á mengun grunnvatns á fjarsvæði vatnsverndar. Á iðnaðarsvæði virkjunarinnar er horft til samþykktar um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnafjarðarkaupstaðar en þar koma fram ákvæði sem eiga við um vinnu innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að samþykkt nr. 326/2022 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. gildir um verndarsvæði vatnsbóla innan Sveitarfélagsins Ölfuss og því réttara að nota hana sem viðmið þegar gerðar eru kröfur til verktaka um mengunarvarnir.

Fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að borplan HR-02 og vegslóði muni liggja nálægt fornleið og að aðkomuvegur að HR-01 muni þvera aðra fornleið. Leiðirnar sem hér um ræðir hafa ekki að öllu leyti verið kannaðar á vettvangi heldur eru að hluta skráðar samkvæmt loftmynd. Það liggur því fyrir að uppfæra þarf skráninguna m.a. með því mæla leiðirnar inn með GPS tæki þar sem þær eru sýnilegar og mun ON fá fornleifafræðing til þess áður en til framkvæmda kemur.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er fallist á ofangreindar fyriráætlanir ON en bent á að á undanförunum árum hafi stofnunin hvatt Orku náttúrunnar til að endurskoða fornleifaskráningu á áhrifsvæði virkjunarinnar í heild sinni og gefa út eina skýrslu sem nái yfir allt svæðið.

Í svörum ON kemur fram að fyrirtækið stefni að því að fara yfir fyrirbyggjandi fornleifaskráningar og uppfæra þær á áhrifsvæði Hellisheiðarvirkjunar eins og Minjastofnun Íslands leggi til. Gert er ráð fyrir að áhrifsvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar við Stóra-Meitil verði kortlagt fyrst og niðurstöður þeirrar skráningar lagðar fram til Minjastofnunar Íslands. Í kjölfarið mun ON gefa út eina skýrslu um fornleifaskráningu sem nær yfir allt áhrifsvæði Hellisheiðarvirkjunar.

Skjálftavirkni

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að óverulegar líkur séu á að skjálftavirkni finnist í byggð í tengslum við fyrirhugaðar rannsóknarboranir. Mælanleg skjálftavirkni hefur orðið við borun einstakra vinnslu- og niðurdælingarholna á Hengilssvæðinu þar sem vatni (allt að 60-70 l/s) hefur verið dælt í holur í borun ef holurnar eru mjög lekar. Þar sem minna vatni er dælt í borun á grönnum holum (35 - 40 l/s) eru enn minni líkur á að skjálftavirkni verði mælanleg við borun þeirra. Skýrt verklag er til staðar hjá Orku náttúrunnar til að lágmarka örvaða skjálftavirkni ásamt reglum um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036. Hafin er vinna við gerð deiliskipulags vegna rannsóknarborananna.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti.

6 Niðurstaða

Um er að ræða gerð tveggja borplana og borun tveggja rannsóknarholna ásamt gerð aðkomuvega að plönunum innan skilgreinds iðnaðarsvæðis Hellisheiðarvirkjunar við rætur Stóra-Meitils. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.04i í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, úrgangsmýndunar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á með tilliti til landnotkunar sem fyrir er og til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þá ber að líta til álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Jafnframt ber að skoða gerð og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika, m.a. áhrifa á fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Í þessari ákvörðun er eingöngu tekin afstaða til áhrifa borunar tveggja rannsóknarhola en ekki hugsanlegrar nýtingar þeirra hvort sem um er að ræða til vinnslu eða niðurdælingar. Komi til nýtingar holanna sem hefur í för með sér hugsanlegar breytingar á umfangi þarf að gera ráð fyrir að það kalli á málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætla.

Skipulagsstofnun bendir einnig á að árið 2007 tók stofnunin ákvörðun um að rannsóknarboranir við Litla-Meitið skyldu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þar var hins vegar um að ræða framkvæmdir á svæði sem liggur töluvert utan skilgreinds iðnaðarsvæðis og áhrifasvæðis mannvirkjabeltis og orkuvinnslusvæða ON á Hellsheiðar/Hengillssvæðinu á að mestu óröskuðu svæði í kjarna verndarsvæðis.

Bæði borplön eru staðsettir innan skilgreinds iðnaðarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi en óafturkræft rask mun verða á um 1,4 ha hraunasvæði sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd einkum vegna lagningar aðkomuvega en einnig borplana. Fyrir liggur að ýmsar framkvæmdir sem tengjast Hellsheiðarvirkjun hafa raskað hraunasvæðum á stóru svæði og ljóst er að með fyrirhuguðum framkvæmdum er enn aukið á það rask á Hellsheiðar/Hengillssvæðinu sem þegar hefur orðið á þessu sérstæða svæði vegna ótal umfangsmikilla mannvirkja sem tengjast jarðhitanýtingu. Í næsta nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er svæði á C-hluta náttúruminjaskrár en ekki verður beint rask innan þess við framkvæmdirnar. Ljóst er að framkvæmdir við rannsóknarboranirnar geta í eðli sínu verið nokkuð umfangsmiklar en þó er gert ráð fyrir að borplan verði mun minna en í tilfelli fyrri rannsóknarborana á Hellsheiðarsvæðinu. Þegar litið er til allra þeirra framkvæmda sem hafa verið til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum á svæðinu er hér þó um tiltölulega litla viðbót að ræða. Í ljósi þess er ekki líklegt að framkvæmdir við borun rannsóknarholanna komi einar sér til með að hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Eins og áður sagði er hins vegar ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér óafturkræft rask á að mestu óröskuðu mosagrónu hraunasvæði og hafa þannig í för með sér tiltekna ásjáðarbreytingar á yfirbragði svæðisins við Stóra-Meitið sem kann að hafa neikvæð áhrif á útivistarfólk en í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins er hverfisverndarsvæði skv. aðalskipulagi vegna útivistar. Þá liggur jafnframt fyrir að hljóðstig við borun og hugsanlega afkastamælingu holanna verður yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða fyrir iðnaðarsvæði þrátt fyrir að hljóðdeyfir verði settur við holurnar. Ljóst er að hávaði mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á þá sem stunda útivist á nokkuð stóru svæði í nágrenni borplananna en hér um að ræða tímabundin áhrif sem kemur til með að gæta í nokkra mánuði. Skipulagsstofnun telur að miða ætti framkvæmdatíma við þann hluta ársins sem gera megir ráð fyrir sem fæstu útivistarfólki á svæðinu.

Samkvæmt framlögðum gögnum verður vatn til borunar fengið úr kaldvatnholu sem er staðsett innan iðnaðarsvæðisins og frárennsli við boranir og afkastamælingu borhola verður leitt í svarfþró sem staðsett er á borplaninu og síðan í svelgholu í nágrenni plansins en það er sambærilegt fyrirkomulag og verið hefur við borun annarra hola á Hellsheiði. Mikilvægt er að engin varanleg ummerki verði á yfirborði, s.s. kísilútfellingar, borsvarf, borleðja eða -leir að borun og



blástursprófunum loknum auk þess sem Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skilyrði um mengunarvarnir verði sett í útboðsgögn til þess að draga út hættu á mengun grunnvatns þar sem um er að ræða framkvæmdir á fjarsvæði vatnsverndar. Fram kemur í gögnum Orku náttúrunnar að ef rannsóknaboranir leiða í ljós að svæðið nýtist ekki til vinnslu eða niðurdælingar verði gengið frá svæðinu og ummerki mannvirkja máð út eins og kostur er. Þó að ljóst sé, að mati Skipulagsstofnunar, að í ljósi eðlis svæðisins muni reynast erfitt að draga úr ummerkjum, einkum veglagningar, er mikil reynsla komin á frágang á borplönum og vegum á Hellisheiðarsvæðinu og leggur stofnunin áherslu á vandaðan frágang.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. maí 2023.

Reykjavík, 18. apríl 2023

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson